

Nd. 487. Nefndarálit og breytingartillögur

um 13. gr. C. I.—III. í frv. til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefir átt marga fundi með sjer til þess að ræða um strandferðir og bátiferðir á flóum, fjörðum og vötnum. (Frv. til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919, 13. gr. C. I.—III.). Hefir nefndin bæði athugað samgöngurnar í heild sinni og ferðir einstakra báta og umsóknir um styrk til þeirra, er fram hafa komið hvaðanæva, og orðið ásátt um að bera fram við stjórnarfrumvarpið svo feldar

BREYTINGARTILLAGUR.

1.

Við 13. gr. C. I. Liðurinn falli niður.

2.

Við 13. gr. C. III. Liðurinn orðist svo:

Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:

1. Til ferða á Faxaflóa alt að	18000	—	18000
2. Til ferða á Breiðafirði alt að	18000	—	18000
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp alt að	7500	·	10000
4. Til ferða á Húnaflóa alt að	20000	—	20000
5. Til Langanessbáts (milli Sauðárkróks og Seyðisfjarðar) alt að	18000	—	18000
6. Til Austfjarðabáts (milli Seyðisfj. og Hornafjarðar) alt að	18000	—	18000
7. Til Skautfellingabáts (Suðurlandsbáts) alt að	18000	—	18000
8. Til vjelbátsferða við Rangársand alt að	1800	—	1800
9. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands alt að	800	—	800
10. Til Lagarfliótsbáts alt að	800	—	800
11. Til vjelbátsferða við Hvalfjörð alt að	400	—	400
12. Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði alt að	300	—	300

Ástæður.

Sakir þess, að landsstjórnin hefir nú keypt skip til strandferða og rekur ferðirnar sjálf, þykir nefndinni eigi þýða að veita sjerstakt fjárframlag á liðnum C. I. í 13. gr. Stjórninni er annarsstaðar fengin heimild til að nota fje í þessu skyni, eftir því sem nauðsyn krefur.

Nefndinni duldist ekki, að óhjákvæmilegt væri að heimila all-miklu meira fje en áður til vjelbátaferða, sakir vandræða þeirra, er af styrjöldinni standa. Er fyrst á það að líta, að verð á kolum hefir tífaldast eða jafnvel fimmtánfaldast, en óvist þó, að kol fáist hingað, jafnvel með þessu verði, næsta ár, ef ófriður helst. Steinolía hefir ekki stigið í verði langt yfir helming, og meiri von að flutningur hennar haldi áfram hingað til lands. Virðist því auðsætt, að nota verði sem mest vjelbáta til ferða með fram ströndum landsins meðan hinu sama vindur fram.

Kostnaður við útgerð vjelbáta er að visu miklum mun meiri en áður, og hefir nefndin því hækkað framlag til þeirra úr landssjóði um þriðjung við það, sem frumvarp stjórnarinnar ætlast til.

Þá skal skýrt nokkuð frá hverjum lið um sig:

1. Til ferða á Faxaflóa. Stjórnin fer fram á, að veittar sjeu 12000 krónur til Faxaflóabáts, en nefndin leggur til, að veitt sje alt að 18000 krónum til ferða á Faxaflóa. Fyrir nefndinni lá brjef frá stjórn Gufubátsfjelags Faxaflóa, dags. 23. júlí 1917, þar sem fjelagið æskir uppbótar á kolaverði síðara

helming yfirstandanda árs, svo að það fái smálestina á 150 kr., og lýsir yfir því, að það sjái sjer ekki fært, eins og ástæður eru nú, að endurnýja samninga um Faxaflóaferðir, en hins vegar sje eigi ósennilegt, að eigendur vildu selja landinu skipið, ef um semdi.

Nefndin telur frágangssök að kaupa Ingólf, og sjer eigi önnur úrræði en að fá stjórninni styrk til umráða til þess að bæta úr samgöngubörfinni, eftir því sem auðið verður, á líkan hátt sem verið hefir.

Búendur í Gerðahreppi sækja um alt að 3000 kr. til vjelbátsferða milli Reykjavíkur og Gerða til þess að flytja fólk, vörur og póstflutning. — Nefndin felst ekki á að veita sjerstakt fje til þessara ferða, en ætlast til, að stjórnin láti haga svo bátaferðum um Faxaflóa, að Gerðhreppingar verði ekki fyrir borð bornir.

2. Til ferða á Breiðafirði. Stjórnin hefir ætlað 12000 kr. til Breiðafjarðarbáts, en nefndin hækkað tillagið til þessara ferða að þriðjung, enda hefir Hlutfjelagið Breiðafjarðarbáturinn sótt um þessa hækkun og þingmenn hjeraða þeirra, er hlut eiga að máli, farið enn hærra (beðið um 22000 kr.). Nefndin gerir ráð fyrir, að hlita megi við það fje, sem Hlutfjelagið Breiðafjarðarbáturinn telur að nægja muni, enda er það í samræmi við aðrar hækkanir, er nefndin leggur með.
3. Til ferða um Ísafjarðardjúp. Stjórnin ætlaði 5000 kr. hvort árið til þessara ferða. Nefndin færir tillagið upp um þriðjung f. á. af sömu ástæðum, sem fyrr voru greindar, en síðara árið leggur nefndin til, að styrkurinn verði 10000 kr. sakir þess, að nýstofnað fjelag, Hlutfjelagið Djúpbáturinn, hefir safnað all-miklu fje til bátskaupa, er ætlast er til að beri alt að 60 smálestum og geti tekið við ferðunum 1919. Skip þetta verður miklum mun betra en kostur hefir verið á til ferðanna áður og rekstur þess dýrari. — Þm. Ísafjarðar hefir skýrt nefndinni frá máli þessu i brjeft dags. 21. f. m., og fer þar fram á 10000 kr. tii Djúpbátsferða árið 1918 og 16000 kr. árið 1919, en nefndin hefir ekki treyst sjer til að mæla með hærra tillagi en brtt. hennar ber með sjer.
4. Til Húnaflóaabáts. Stjórnin hefir eigi ætlað neitt fje til þessa báts í fjárlagafrumvarpinu, en þar sem þörfin er mjög brýn, að fá vjelbát til flutninga um Húnaflóa, þá tók nefndin upp þennan lið. Á aukþinginu var gert ráð fyrir, að þingið hlypi undir bagga um kaup á bát handa Húnaflóa, og fje er veitt í fjárukalögum til vjelbátsferða þar. Ætlast er til, að Húnaflóaabátur beri kringum 100 smálestir og gangi lengst til Ísafjarðarkaupstaðar vestur og austur á Skagafjörð.
5. Til Langanessbáts. Stjórnin ætlar ekki fje til þessa báts, heldur að eins 3500 kr. til Eyjafjarðarbáts, er gangi lengst til Húsavíkur, en það er með öllu ófullnægjandi. Eins og bátaferðum hefir verið hagað í fyrra og nú, hefir Norður-Þingeyjarsýsla orðið herfilega afskift. Viðkomur millilandaskipa og strandferðaskipa hafa brugðist þar að mestu eða öllu, sem mest stafar af styrjöldinni, svo að sumar hafnirnar hafa ekki fram að þessu komið frá sjer vörum frá síðasta hausti, og að sama skapi er um aðflutninga. Til þess að bæta úr mestu vandræðunum hafa nú verið heimilaðar 8000 kr. í fjárukalögum til ferða í Norður-Þingeyjarsýslu, og Þorsteinn kaupmaður Jónsson

tekið að sjer ferðirnar, það sem eftir er sumars. Hefir hann til ferðanna 70 smálesta skip, og gengur það milli Eyjafjarðar og Seyðisfjarðar. Nú var áður samið um ferðir fyrir Austfjarðabát, er gengur frá Hornafirði norður að Langanesi með 20000 kr. styrk þetta árið, og varð því ekki breytt að þessu sinni. En nefndinni virðist hentara, að ferðum bátanna sje hagað svo, að annar gangi að norðan til Seyðisfjarðar, en hinn um Suðurfjörðuna eingöngu, milli Seyðisfjarðar og Hornafjarðar, en auk þess gæti sá bátur við og við farið skyndiferðir suður um land til Reykjavíkur, eftir því sem nauðsyn bæri til. — Nefndin ætlast til, að Langanessbátur beri helst ekki minna en 70 smálestir og gangi lengst vestur á Sauðárkrók. Bátur þessi kemur í stað Eyjafjarðarbátsins. Haganlegt mundi vera, að bátnum væri ætluð svo rúm áætlun til viðvalar á Akureyri, að hann gæti farið nokkrar aukaferðir um fjörðinn og þyrfti þá ekki að koma jafnviða við í aðal-ferðunum.

6. Um Austfjarðabát visum vjer til næsta töluliðs á undan.
7. Til Skaftfellingabáts (Suðurlandsbáts). Stjórnin hefir ætlað 10000 kr. til bátaferða milli Vestmannaeyja, Víkur og Stokkseyrar, og 400 kr. til vjelbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu. En nefndinni hefir borist erindi frá þingmanni Vestur-Skaftfellinga, þar sem hann skýrir frá því, að Skaftfellingar hafi komið sjer upp stórum vjelbát til flutninga, er nú sje full-smiðaður í Danmörku og muni annast ferðir við Suðurland á næstu árum. Nefndinni var áður kunnugt um þetta og felst á, að rjettast væri að veita þessum bát viðlika styrk og öðrum hinum stærstu flóabátum. Bátur þessi á að vera í föstum förum með allri suðurströndinni, fara til Reykjavíkur og komast alla leið til Hornafjarðar, þá er færi gefst, en viðkomustaðir hans verða einkum Eyrarbakki eða Stokkseyri, Vestmannaeyjar og Vik, svo og um há-sumarið Ingólfshöfði.

Eyrbekkingar hafa sótt um styrk til strandferðabáts milli Reykjavíkur, Eyrarbakka og Stokkseyrar, og telur nefndin þeirri beiðni fullnægt með tillögu sinni um framlag til Skaftfellingabáts (sbr. einnig Faxaflóabát).

8. Til vjelbátsferða við Rangársand. Þessar ferðir eru milli Vestmannaeyja og Rangársands, og verður að hafa til þeirra sjerstakan bát. Stjórnin ætlar til þeirra 1200 kr., en þingmenn Vestmannaeyinga og Rangæinga hafa farið fram á 2000 kr. Nefndin hefir hækkað liðinn að sama skapi sem aðra styrki.
9. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands. Stjórnin ætlar 300 kr. til ferðanna, en þm. Barðstrendinga telur brýna nauðsyn á mun hærri styrk. Lending er ótrygg við Rauðasand, svo að sæta verður færi til þess að koma vörum þangað, og verða ferðirnar því kostnaðarsamar. Hefir nefndin fallist á að verja 800 kr. til þessara ferða.
10. Til Lagarfjótsháts ætlar stjórnin 300 kr., en þingmenn Múlasýslna telja það alt of lágt, og hefir nefndin fallist á að mæla með 800 kr. styrk.
11. og 12. Styrkinn til vjelbátsferða við Hvalfjörð lætur nefndin standa óbreyttan og býst við að hann muni nægja. — Til vjelbátsferða á Hvítá ætlar stjórnin 600 kr., en nefndinni er ekki kunnugt um að ferðum þessum sje haldið uppi hjeraðinu til gagns, og ætlar að styrkurinn mætti falla niður með öllu, en lætur þó standa 300 kr. hvort árið.

Eins og drepið hefir verið á, miðar nefndin fjárveitingarnar og fyrirkomulag ferðanna við núverandi ástand. Ef friður yrði saminn á næsta ári, svo að venjulegar samgöngur kæmst á, mundi mega draga úr kostnaðinum við vjelbátuferðir síðara árið, einkum að því er ferðirnar snertir á Austfjörðum og við austanvert Norðurland. Svo mundi og mega draga úr fjárframlagi að því skapi sem rekstrarkostnaður minkaði. Mun kostur að taka þessi efni til athugunar á aukapingi, sem búist er við, að verða muni að sumri.

Alþingi, 13. ágúst 1917.

Þórarinn Jónsson,
form. samvinnun. og Nd.nefndar.

Guðjón Guðlaugsson,
formaður Ed.nefndar.

Benedikt Sveinsson,
skrifari samvinnun. og framsögum. i Nd.

Sig. Eggerz,
skrifari Ed. og framsögum.

Gísli Sveinsson,
skrifari Nd.

Jóh. Jóhannesson.

Hjörtur Snorrason.

Þorsteinn M. Jónsson.

H. J. Kristófersson.

H. Steinsson.

B. R. Stefánsson.

Þorleifur Jónsson.